

Erlingur Davíðsson (1912-1990), búfræðingur og ritstjóri

Afhending 2021/3

Erlingur Davíðsson fæddist 11. apríl 1912 á Stóru-Hámundarstöðum á Árskógarströnd og lést 17. júlí 1990.

Faðir Erlings hét Davíð Sigurðsson, f. 26. október 1873, d. 21. janúar 1951, hreppstjóri. Móðir hans hét María Jónsdóttir, f. 3. nóvember 1872, d. 6. janúar 1950, húsfreyja.

Erlingur lauk búfræðiþrófi frá Hvanneyri árið 1935, var ráðsmaður við Laugaskóla í Reykjadal, stjórnaði kornrækt KEA á Klauf í Öngulsstaðahreppi frá 1939 og síðar gróðurhúsunum á Brúnalaug. Hann vann sem afgreiðslumaður og auglýsingastjóri Dags á Akureyri frá 1950 og sinnti afgreiðslu Tímans og Samvinnunnar.

Erlingur hóf fljótlega að skrifa smágreinar í Dag og varð síðar ritstjóri Dags frá 1955-1979.

Erlingur var afkastamikill rithöfundur, sendi frá sér 18 bindi af viðtalsbókunum *Aldnir hafa orðið*, en bækur hans urðu 32 samtals, s.s. *Jói norskí*, *Miðilshendur Einars frá Einarsstöðum* og *Furður og fyrirbæri*. Þá stofnaði hann tímaritið *Súlur*, ásamt Jóhannesi Óla Sæmundssyni fornbókasala.

Erlingur var mikill áhugamaður um stangveiði. Hann starfaði einnig mikið í Félagi aldraðra á Akureyri, sat í fyrstu stjórn þess og var formaður félagsins um skeið.

Kona Erlings hét Katrín Kristjánsdóttir frá Eyvík á Tjörnesi f. 16. janúar 1907, d. 20. febrúar 2005.

Afhendingin barst frá Bergi Erlingssyni yngsta syni Erlings. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
23. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2021 / 3

A-Erlingur Davíðsson

A-Erlingur Davíðsson

1988 - 1989

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	1	1	1988 - 1989	Skjöl vegna félagsstarfs aldraðra: ávarp; drög að reglum fyrir Landssamband aldraðra; bréf; kynningarit fyrir íbúðir og þjónustumiðstöð aldraðra á Akureyri; dagskrá undirbúningsráðstefnu að stofnun Landssambands aldraðra; listi yfir gesti ráðstefnunnar; frumrit að lögum norrænu samvinnunefndarinnar
A	1	2	1989 - 1989	Skjöl vegna félagsstarfs aldraðra: dagskrá stofnfundar Landssambands aldraðra; listi yfir fulltrúa á fundinum; drög að lögum fyrir Landssamband aldraðra; tillögur; lög um málefni aldraðra; lög norrænu samvinnunefndarinnar